

“Vits er þörf þeim er víða ratar”.

Hávamál

Markmið

- Að vinna með keiluformið og fá sjónræna og hugmyndafræðilega þætti verksins til að mynda eina heild.
- Að hugmyndafræðilegt inntak verksins hafi skýra skírskotun til sögu þeirra sem ákváðu í byrjun síðustu aldar að flytjast vestur um haf.
- Að inntak verksins tengist Háskóla Íslands og miklvægi menntunnar.
- Að verkið vekir einskonar ævintýraþrá hjá áhorfandanum.

Lýsing á verkinu

Inní keilunni er skapaður heimur, ástand eða “situation”. Keilan er hvít að innan og inní henni eru fuglar. Fuglarnir eru ekki ein merkjanleg tegund en hafa þó skírskotun og taka mið af formi og stærð gæsa. Þeir eru hvítleitir og gerðir úr postulíni eða hvítu graníti. Einn fugl situr neðst í keilunni, annar er eins og að hefja sig til flugs eða að setjast og fyrir miðri keilu er fugl á flugi upp keiluna. Efst í keilunni eru svo hópur fugla í oddaflugi. Sá sem er á flugi upp keiluna hefur hugsanlega ákveðið að slást í hóp ferðalanganna en sá neðsti ákveðið að fara hvergi.

Unnið er með keiluformið og fjarvíddin ýkt með því að minnka það sem er lengra í burtu (ofar í keilunni). Þannig er fluglinn sem er á flugi í miðri keilunni hafður minni en sá sem situr neðst og fuglarnir í oddafluginu eru litlir eins og í háflugi hátt uppí himninum. Þannig er sköpuð sjónblekking og í leiðinni upplifun ævintýris.


Vindstefnumælir sem mælir vindáttina úti er tengdur tölvu sem stjórnar DC-mótor sem breytir stefnu oddaflugsins. Oddaflugið sýnir því vindáttina úti og fljúga fuglarnir uppí vindinn.

Undir kantinn á keilunni eru greyptir stafir sem sýna höfuðáttirnar og má þannig sjá hvaðan og hvert vindurinn blæs hverju sinni.

Hönnun gluggans og útfærsla á póstum hans hefur áhrif á sjónræna þætti verksins og því miklivægt að hafa samspil þessara tveggja þátta í huga við útfærslu og hönnunarvinnu.

Utaná keiluna er síðan letraður texti úr Hávamálum “Vits er þörf þeim er víða ratar”.

Keilan er hvít að innan og inní henni eru 3 hvítleitir fuglar. Fuglarnir eru ekki ein merkjanleg tegund en hafa þó skírskotun og taka mið af formi og stærð gæsa.




Sniðmyndir af keilu



Unnið er með keiluformið og fjarvíddin ýkt með því að minnka það sem er lengra í burtu (ofar í keilunni). Þannig er fluglinn sem er á flugi í miðri keilunni hafður minni en sá sem situr neðst og fuglarnir í oddafluginu eru litlir eins og í háflugi hátt uppí himninum. Þannig er sköpuð sjón-blekking og í leiðinni upplifun ævintýris.







Efst í keilunni er hópur fugla í oddaflugi. Fuglar á langferð eitthvert burt til annarra landa. Vindstefnumælir sem mælir vindáttina úti er tengdur tölvu sem stjórnar DC-mótor sem breytir stefnu oddaflugsins. Oddaflugið sýnir því vindáttina úti og fljúga fuglarnir uppí vindinn.



Fíberhringur með riflum (tannhjól) á hliðunum er snúið með DC-mótor. Inní hringinn eru strengdir örþunnir strengir og á þá festir litlu fuglarnir sem mynda oddaflugið. Hringinn má hugsanlega fella inní vegg keilunnar. Hér er náin samvinna listamanns, arkitekta og hönnuða nauðsynleg.





Undir kantinn á keilunni eru greiptir stafir sem sýna höfuðáttinar. Þannig má sjá hvaðan og hvert vindurinn blæs hverju sinni.

8841



Utaná keiluna er lettaður textinn úr Hávamálum
“Vits er þörf þeim er víða ratar”.



10

+